



Ræða um málefni húsmæðra- oghúsmæðraskóla og þjóðartekjur 1954-1955

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Ræður – Þjóðartekjur – Tekjur – Húsmæðraskólinn – Húsmæður –
Heimili – 1954 - 1955

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 4-3, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fyrir liggja skýrslur um það, hversu mikill hluta af þjóðartekjunum fari um hendur húsmæðra. Eg skal ekki rekja þær tölur. Við, sem erum kvæntir þurfum ekki að kynna okkur það efni í hagskýrslum, við höfum eitthvert hugboð um það án þess, og þeir, sem ókvæntir eru hafa ekki gott af að kynnast því, fyrr en af eigin raun.

Um það verður þó ekki deilt, að nokkuð er til í því, sem sagt hefur verið, að þessar upphæðir séu svo háar, að mikið liggi við að vel sé með þær færið. Sú nauðsyn hefur verið talin ein af helztu ástæðunum fyrir þörfinni á góðri húsmæðrafræðslu í landinu. Það er vissulega rétt. Þó kemur hér miklu fleira til. Allur heimilisbragur er að verulegu leyti kominn undir húsmóðurinni. Margt af því þar þarf á að halda verður ekki lært, heldur er það meðfætt, allra sízt verður það lært í skólum, heldur munu heimilin sjálf vera þar bezta kennslustöðin. Góðir skólar hafa samt í þessu mjög mikla þýðingu. Um það eru mörg dæmi. Hefur lengi verið til þess vitnað, að þau heimili hafi þekkt úr, þar sem húsmæðurnar höfðu sótt fyrstu kvennaskólana, sem haldnir voru hér á landi. Til skamms tíma hefur það verið undantekning, að íslenzkar stúlkur hafa átt þess kost að fara að húsmæðraskóla. Nú er

orðin á þessu gerbreyting. Skólarnir eru jafn-
vel orðnir fleiri en aðsókninni nemur. Til
þess að húsmæðraskólarnir komi að gagni þurfa
þeir að hafa góða kennara. Í því skyni var
húsmæðrakennarsskóli Íslands stofnaður á
sínnum tíma. Hann á ekki langan starfsaldur
en hefur þó nú þegar gert mikið gagn. Engu
að síður er um margt á honum frumbýlisbragur,
svo sem eðlilegt er. Um þetta leyti stendur
meira að segja svo á, að helzt eru horfur
til, að skólinn verði með öllu húsnæðislaus.
Úr því hefði verið hægt að bæta, ef skólinn
hefði verið fluttur um set í bili. Aðstand-
endur skólans töldu það þó ekki ráðlegt og
er ekki um það að saka. Hitt kann að verða
erfiðara, að ráða fram úr þessum vanda hér
í bænnum á skammri stundu. Margt er enn ógert.
Elsti skóli landsins, menntaskólinn í Reykja-
vík, er enn í hundrað ára gömlu húsi, sem er
orðið honum allt of lítið. Skólinn býr við
gjörsamlega ófullnægjandi húsakost. Það er
ekki skólarnir einir, er eiga þessa sögu að
segja. Sjálf æðsta stjórn landsins, stjórnar-
ráð, er til húsa í nær tvö hundruð ára byggingu,
er reist var til allt annarra nota og er með
öllu óboðleg til þess að vera setur æðstu
stjórnar Íslands. Við megum ekki furða okkur
á því, sem ógert er, er við lítum á, hversu
ótrúlega miklu hefur verið hrundið á veg og
upp byggt hér á landi síðustu áratuginu.

Þinn aðal kostur húsmóðurinnar er sá að kunna að laga sig eftir ávikunum, gera ekki meiri kröfur eða vilja lifa kostnaðarsamara lífi en efnin hverju sinni leyfa. Slíkt er undirstaða velfarnaðar heimilisins.

Við treystum því að takast megí að ráða fram úr þeim erfiðleikum, sem nú steðja að húsmæðrakennaraskóla Íslands í þessum efnum og við vonum, að skólinn geti starfað áfram og óskum honum allra heilla í bráð og lengd.